



Fjölmenningarleg verkefni í Borgarbókasafni Reykjavíkur

febrúar 2008 - febrúar 2010

menning - menntun - miðlun



Innihald:

Inngangur	3
Markmið og markhópur	4
Fjölmenningarleg verkefni	5
Fljúgandi teppi	5
Söguhringur kvenna	5
Heimanámsaðstoð	6
Rattleikir og kynningar fyrir íslenskunema	6
Móðurmálskennsla	6
Fjölskyldumorgnar	6
Húmor og Amor	6
Comenius Regio, Evrópuverkefni	7
Skiptibókamarkaður	7
Heimsóknir á vinnustaði.....	7
Viðburðir	8
Kynningar og kynningarefni	9
Samstarf	10
Væntanleg verkefni	10
Mat og umsagnir	11-12
Áskorarnir og fjöldi þátttakenda.....	13

Forsíðumynd: Kristín Hauksdóttir
„Tölum saman“, listaverk í
aðalsafni /Grófarhúsi, unnið af
Söguhring kvenna.

Inngangur

Hvernig bregðast menn við því að flytja til nýs lands?

Þar kemur margt til: Tungumálið, þjóðfélag með aðra innviði en það sem flutt var frá, lög og reglur, vinnumarkaður, skólakerfi, menning - og síðast en ekki síst umrót tilfinninga þess sem flytur milli landa.

Bókasöfn eru mikilvæg gátt inn í samfélagið og í mörgum löndum hefur bókasafnið mikla þýðingu og jákvæð áhrif meðal innflytjenda.

Fjölmenningarleg starfsemi í bókasöfnum getur stuðlað að gagnkvæmri félagslegri aðlögun. Þar er aðgangur að upplýsingum, bókmenntum, kvikmyndum, tónlist, dagblöðum og tímaritum. Starfsmenn kunna að vísa fólki leið gegnum frumskóg upplýsinga og kynna þeim fræðslu- og afþreyingarefni safnsins. Auk þess að eiga góðan safnkost og vera mikilvægur lykill að upplýsingasamfélaginu er bókasafnið staður þar sem einstaklingar mæla sér mót og hópar koma saman. Ný tengsl geta myndast og í bókasafninu má byggja brýr milli menningarheima og þekkingarsviða, en til að geta nýtt sér það sem bókasafnið hefur upp á að bjóða þurfa menn að vita hvar það er.

Borgarbókasafn leggur metnað sinn í að þjóna innflytjendum sem best og hefur að leiðarljósi yfirlýsingu IFLA, International Federation of Libraries and Associations, um fjölmenningarlegt bókasafn.

Til að ná sem bestum árangri var í febrúar 2008 ráðinn verkefnastjóri fjölmenningar að safninu, Kristín R. Vilhjálmsdóttir.

Fjölmenningarleg verkefni Borgarbókasafns eru unnin í samvinnu við ýmsa aðila í samfélaginu og koma þau fram í **Horft til framtíðar, stefnumótun og aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda**.

Með þessari skýrslu vill Borgarbókasafn miðla til annarra tveggja ára reynslu af fjölmenningarlegri starfsemi. Vonandi verður þessi samantekt öðrum hvatning til að vinna á sömu nótum og bæði safninu og öðrum hvatning til að þróa slíkt starf áfram. Einnig er skýrslunni ætlað að vekja athygli á hlutverki bókasafna hvað varðar mál innflytjenda og ekki síst að stuðla að samvinnu á þessu sviði. Borgarbókasafn þakkar gott samstarf við þá fjölmörgu sem unnið hafa með safninu að þessu mikilvæga málefni.

*Anna Torfadóttir, borgarbókavörður
Kristín R. Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar
Febrúar 2010*

Markmið og markhópur

Allir Reykvíkingar eru í markhópi fjölmennningarlegra verkefna Borgarbókasafns. Aðalmarkmiðið er að gera heimsókn á Borgarbókasafnið að hluta af daglegu lífi innflytjenda sem og annarra íbúa borgarinnar, og koma því til skila að hér er um að ræða ókeypis þjónustu sem er öllum opin. Fjölbreyttur safnkostur er við allra hæfi og sófnin með langan afgreiðslutíma.

Markmiðið er að:

- stuðla að gagnkvæmri félagslegri aðlögun, skilningi og virðingu, sem er nauðsynleg í fjölmennningarlegu samfélagi.
- kynna íslenska menningu og tungu fyrir innflytjendum.
- auka færni innflytjenda í íslensku.
- efla tengsl milli allra Reykvíkinga.
- skapa vettvang fyrir miðlun þekkingar um alla hópa samfélagsins.
- að bókasafnsheimsókn verði mikilvægur þáttur í daglegu lífi innflytjenda.
- rjúfa einangrun og efla samhygð með náunganum.



Fjölmenningarleg verkefni:

Fljúgandi teppi

menningarmót í leik-, grunn-, framhalds-skólum og víðar

Á menningarmótum sem kölluð eru *Fljúgandi teppi* fá nemendur, foreldrar og starfsfólk tækifæri til að hittast og kynna menningu sína og áhugamál í hvetjandi umhverfi og á skemmtilegan og lifandi hátt. Menningarmótin hafa verið notuð með góðum árangri bæði í Danmörku og hér á Íslandi. Þau eru yfirleitt haldin í skólum en geta líka farið fram á bókasafninu eða annars staðar eins og á vinnustöðum eða í frístundamiðstöðvum. Með verkefninu tekur bókasafnið þátt í að stuðla að gagnkvæmri virðingu og skilningi manna á milli. Í samstarfi við kennara eða aðra starfsmenn er búinn til vettvangur þar sem allir geta hrifist af því sem er líkt og ólíkt í menningu þátttakenda. Hver þátttakandi hefur sitt „svæði“ og kynnir sína menningu og áhugamál á margvíslegan hátt.

Markmiðin eru einnig;

- að þátttakendur finni til stolts og gleði yfir eigin menningu og deili þeirri gleði og stolti með öðrum.
- að börn og fullorðnir verði meðvitaðir um gildi eigin menningar við það að kynna hana fyrir öðrum.
- að þróa hæfileika barnanna til að geta tekið virkan þátt í samfélaginu og gera sér ljóst að ólík menning geti auðgað eigin menningu.

Lögd er áhersla á að ekki sé einungis um að ræða að vinna með þjóðmenningu, heldur einnig áhugamál og það sem skiptir mestu máli í lífi hvers og eins. Einstaklingar mætast í tónlist, dansi, myndlist, bókmenntum, kvikmyndum, matargerð, ævintýrum, goðsögnum, frásögnum, leiklist, leik og hreyfingu. Allir eru þátttakendur og áhorfendur um leið. Yfir tuttugu menningarmót hafa nú um áramótin 2009/2010 verið haldin í reykvískum leik- og grunnskólum og tvö á Akranesi. Fljúgandi teppið hefur einnig verið hluti af lífsleiknikennslu í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og er á leið inn í fleiri framhaldsskóla.

Eftir að menningarmót hefur verið haldið í skóla, fylgja oft fleiri í kjölfarið - og geta þá þróast á ýmsa vegu.

Verkefnastjóri fjölmenningar á Borgarbókasafni skapaði Fljúgandi teppið út frá margra ára reynslu sem kennari í Danmörku og kom með það til Íslands í byrjun árs 2008. Hægt er að panta kynningu á menningarmótsverkefninu, og ef óskað er eftir, þá er verkefnastjórinn tilbúinn að leiðbeina og taka þátt í framkvæmd mótsins.

Vinnustaðir geta einnig pantað menningarmót – allir geta tekið þátt.

Hér má sjá myndir og myndskleið frá menningarmóti í [leikskóla](#) og hér í [grunnskóla](#).

Söguhringur kvenna

Markmið söguhringsins er að skapa vettvang þar sem konur af erlendum og íslenskum uppruna skiptast á sögum. Hann er ætlaður konum sem hafa áhuga á notalegri samveru sem byggir meðal annars á því að deila menningarlegum bakgrunni sínum með öðrum. Í söguhringnum gefst einnig tækifæri til að tjá sig á íslensku, æfa tungumálið og fræðast um íslenska menningu, bókmenntir og siði. Lögd er áhersla á að þátttakendur hafi áhrif á þróun verkefnisins.

Söguhringur kvenna átti eins árs afmæli í byrjun nóvember 2009. Af því tilefni sköpuðu konurnar tölulistaverkið „Tölum saman“ og afhjúpaði frú Vigdís Finnbogadóttir verkið á bókasafninu. Verkið gleður nú augu gesta í aðalsafni Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15.

Söguhringur kvenna er samstarfsverkefni Borgarbókasafns og Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Allar konur eru velkomnar í aðalsafnið Tryggvagötu fyrsta sunnudag í mánuði. Þar er leiksvæði fyrir börnin og heitt á könnunni. [Sjá myndir hér.](#)

Heilahristingur heimanámsaðstoð á bókasafninu



Heilahristingur er heimanámsaðstoð í Gerðubergssafni, Gerðubergi 3-5, fyrir nemendur í 5.-10. bekk í grunnskólum Breiðholts og á

innflytjendabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Tilgangur verkefnisins er að styðja og styrkja nemendur í námi og kynna þeim þá þjónustu sem bókasafnið býður upp á í tengslum við nám, áhugamál og tómstundir. Heimanámsaðstoðin er krydduð með ýmsu skemmtilegu, s.s. dansi, kvikmyndasýningum og tónlist. Megináhersla er lögð á að bjóða gott umhverfi sem styður við skapandi barna- og unglingastarf, vekja nemendur til umhugsunar um framtíðarmöguleika sína, styrkja sjálfsmynd þeirra og gefa þeim tækifæri til að hitta vini sína og eignast nýja. Heilahristingur er tilraunaverkefni sem hófst í nóvember 2008 og ef vel tekst til verður boðið upp á heimanámsaðstoð í fleiri hverfum.

Heilahristingur fer fram tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 14.30– 16.00. Sjálfboðaliðar leiðbeina nemendum. Meðal þeirra eru framhaldsskólanemendur, kennarar á eftirlaunum og háskóla- og kennaranemar. Verkefnið er samstarfsverkefni Borgarbókasafns og Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands og er unnið að fyrirmynd dansks verkefnis sem heitir "[Projekt 100 lektiecaféer](#)". Bókasafnið er hentugt fyrir starfsemi af þessu tagi þar sem það er hlutlaus og óformlegur staður þar sem allir eru velkomnir. Safnkostur bókasafnsins nýtist vel í námi og leggur starfsfólk sig fram við að aðstoða nemendur og sjálfboðaliða í leit að gögnum og upplýsingum. Reykjavíkurdeild Rauða krossins hefur margra ára reynslu af heimanámsaðstoð og málörvun fyrir yngri bekkir grunnskólanna og þekkingu á starfi með sjálfboðaliðum.

Heilahristingur fékk styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála og menntaráði. Sjá einnig heimasíðuna www.heilahristingur.is, sem opnaði í janúar 2010.

Rattleikir og kynningar fyrir hópa í íslenskunámi

Kennurum stendur til boða að koma með nemendur, sem stunda íslenskunám og fá kynningu á starfsemi Borgarbókasafns. Rattleikir á einfaldri íslensku er hluti af kynningunni. Fyrsta kynningin var í júlí 2008 og í desember 2009 hafa um 420 íslenskunemendur úr Alþjóðahúsi, Vinnuskólanum og frá Mími komið í heimsókn. Þessi þjónusta er í boði í Gerðubergssafni og aðalsafni. [Sjá myndir hér.](#)

Móðurmálskennsla – stuðningur

Í tengslum við móðurmálskennslu geta kennarar komið með nemendur sína á bókasafnið. Boðið er uppá kynningu á safninu fyrir börn og foreldra ásamt leikjum og sögustundum sem eru í samvinnu við kennarann. Þessi þjónusta er í boði í Gerðubergssafni og aðalsafni.

Fjölskyldumorgnar í aðalsafni og Gerðubergssafni

Borgarbókasafn hefur frá því haustið 2009 staðið fyrir fjölskyldumorgnum í samstarfi við Menningarmiðstöðina í Gerðubergi og leikskólasvið Reykjavíkurborgar, þar sem fjölskyldum með börn á aldrinum 0-6 ára er boðið að koma og eiga saman góða stund á bókasafninu. Boðið er upp á óformlega dagskrá um ýmis málefni. Stundum koma gestir en oftast sjá starfsmenn safnsins um dagskrána. Leikföng og bækur fyrir börnin eru á staðnum og boðið er upp á kaffisopa. Hægt er að nálgast upplýsingar á nínu tungumálum á heimasíðu safnsins.

Húmor og Amor



Samstarfsverkefni Menningar- og ferðamálasviðs og fleiri stofnana Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að fagna og fanga margbreytileika mannlífsins og leggja áherslu á það sem tengir fólk saman. Húmor og Amor var yfirskrift á ýmsum uppákomum árið 2009 og verða þessi hugtök notuð áfram við viðeigandi tækifæri.

Comenius Regio SPICE; Evrópuverkefni (hófst haustið 2009).

Samstarfsverkefni stofnana í Asturias á Spáni og stofnana og fleiri aðila í hverfi Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða í Reykjavík. Verkefnið er styrkt af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (Lifelong Learning Programme, European Commission). Helstu áherslur verkefnisins eru gerð fjölbreyttra matstækja til að meta stöðu og framfarir nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál á Íslandi og spænsku á Spáni, hvernig stuðla megi að markvissari móttöku og félagslegri aðlögun þessara nemenda og fjölskyldna þeirra við komu til landanna og á fleiri þætti sem ekki verða tíundaðir hér.

Framlag Borgarbókasafns Reykjavíkur er m.a. kynningardiskur fyrir innflytjendur á mörgum tungumálum um safnið og þjónustu þess og gerð bæklinga í tengslum við það. Jafnframt verða útbúnir bæklingar í tengslum við myndbandið. Kynningardiskinn verður hægt að opna beint af heimasíðu Borgarbókasafns, helst af forsiðu svo ekki þurfi að leita. Hann verður auðkenndur með fána eða öðru tákni sem gefur til kynna tungumálið.

Einnig verður það sett á Youtube og aðrar þær vefsíður þar sem gaman og gagnlegt er að hafa kynningu á starfsemi Borgarbókasafns

Eftirtaldir aðilar eru þátttakendur í Comenius Regio-verkefninu á Íslandi: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Borgarbókasafn Reykjavíkur, Austurbæjarskóli, Háteigsskóli, Fjölmenningskóli Tækniskólans og Frístundamiðstöðin Kampur – ÍTR.

Skiptibókamarkaður í Gerðubergssafni og aðalsafni

Hægt er að koma með og taka í staðinn bækur og önnur gögn á erlendum tungumálum. Byrjaði í Gerðubergssafni í desember 2008 og í aðalsafni í september 2009.

Heimsóknir á vinnustaði

Borgarbókasafnið býður upp á heimsóknir á vinnustaði þar sem starfsemi safnsins er kynnt. Áhersla er lögð á að ná til starfsfólks af erlendum uppruna.



Viðburðir 2008-2010

- **Þjóðadagur**, Borgarbóksafn með bás í Hafnarfirði - maí 2008.
- **Sumardagurinn fyrsti**: Fjölmenningarleg sólarhátíð í aðalsafni Borgarbókasafns - apríl 2008.
- **Reykjavík safarí**, árlegur viðburður þar sem menningarlífið í miðborginni er kynnt á ýmsum tungumálum - júlí 2008 og júlí 2009. [Sjá myndir hér.](#)
- **Heimstorgið** á Menningarnótt - ágúst 2008.
- **Hverfahátíð**, sögustundir í sögubílum Æringja á nokkrum tungumálum, kynning á starfsemi Borgarbókasafns - september 2008.
- **Desembermarkaður**, skiptibókamarkaður opnaður í Gerðubergssafni – desember 2008.
- **Friður og fjölmenning** í Viðey, samstarf við Listasafn Reykjavíkur og verkefnisstjóra Viðeyjar – desember 2008 og desember 2009.
- **Hugmyndamarkaður**, kynning á fjölmenningarlegri starfsemi í Reykjavík – mars 2009.
- **Dagur evrópskra tungumála** – „Talaðu við mig“. Skiptibókamarkaður opnaður í aðalsafni - september 2009.
- **„Litrík menning – gagnkvæm miðlun“**, samstarf við Menningarmiðstöðina Gerðuberg, umræðusmiðja um fjölmenningu, viðburðir og kynning á fjölmenningarlegri starfsemi - október 2009.
- **Ný vefsíða**; <http://www.heilahristingur.is/> var opnuð með þátttöku 80 nemenda í Breiðholti, rapp og kynning á verkefninu - 12. janúar 2010
- **Sögustundir á ýmsum tungumálum** Fólk frá ýmsum löndum hefur verið með sögustundir í barnadeild aðalsafns og í Æringja á íslensku og móðurmáli sínu.
- **Húmor og Amor** Opnun á verkefninu fór fram á Borgarbókasafni, konudaginn 22. febrúar 2009
- **Húmor og Amor** Söguhringur kvenna stóð fyrir uppákomu á konudaginn, 21. febrúar 2010. Amal Tamimi, Fitore Berisha og Paola Cardenas héldu erindi og fræddu gesti um húmor, ást og líf kvenna í ólíkum menningarheimum. Arngrímur Vídalín flutti húmorístísk ástarljóð.



Kynningar og kynningarefni

Dæmi um erindi og fyrirlestra sem verkefnastjóri fjölmennningar hefur haldið um verkefnið:

- **Fljúgandi teppi;**
Um 20 erindi fyrir skólafólk um menningarmóts-verkefnið.
- **Kulturmöðer på arbejdspladsen;**
Nordisk arbejdsmiljøkonference, Reykjavík, júní 2008.
- **„The future is here”;**
Alþjóðleg bókasafnaráðstefna, Reykjavík, október 2008.
- Erindi fyrir Hollendinga sem starfa við málefni innflytjenda og eru í samstarfi við Alþjóðahús, júní 2009.
- Kynning fyrir konur af erlendum uppruna sem búsettar eru á Norðurlöndum. Hluti af ráðstefnu á vegum Samtaka kvenna af erlendum uppruna, júní 2009.
- Fyrirlestur á námskeiði fyrir háskólanema, janúar 2009
- Erindi fyrir ýmsa hópa sem starfa við bókasöfn á Norðurlöndum

Kynningarefni:

- Kynningarbæklingur á þremur tungumálum um þjónustu Borgarbókasafns, prentaður og á netinu.
- Bæklingur á fimm tungumálum um Heilahristing; póstkort, bókamerki á sjö tungumálum.
- Einblöðungur og bæklingur um Söguhring kvenna á ýmsum tungumálum.
- Einblöðungur um fjölskyldumorgna á níu tungumálum.
- Facebook hópar og Facebook viðburðir.

Greinar í tímaritum

- Grein á dönsku um verkefnið Fljúgandi teppi í tímaritinu Málfríður; „Det flyvende tæppe - et levende kulturmødested på tværs af nationaliteter“ Kristín R. Vilhjálmisdóttir, júní 2009.
- Grein um Söguhring kvenna í tímaritinu 19. júní, Halldóra Traustadóttir, júní 2009.

Dæmi um efni í öðrum fjölmiðlum:

- 24 Stundir, viðtal við KRV um fjölmenningarlega sólarhátíð, apríl 2008.
- Útvarpsviðtal við KRV um Fljúgandi teppi, Elísabet Brekkan, júní 2008.
- Morgunblaðið: „Ratleikur á bókasafninu”, skrifað af KRV.
- Útvarpsviðtal um Húmor og Amor, við Arngrím Vídalín og KRV, mars 2009.
- Útvarpsviðtal við KRV um Fljúgandi teppi, Síðdegisútvarpið, ágúst 2009.
- Umfjöllun um afmæli Söguhrings kvenna, Fréttablaðið, október 2009.
- Viðtal við KRV vegna afmælis Söguhrings kvenna, Fréttablaðið, október 2009.
- Fréttatilkynningar um fjölskyldumorgna á bókasafninu, Fréttablaðið, Breiðholtsblaðið, Vesturbæjarblaðið, janúar 2010.
- Frétt um opnun heimasíðunnar heilahristingur.is, Fréttablaðið, janúar 2010.
- Frétt um opnun heimasíðunnar heilahristingur.is, ruv.is, janúar 2010.
- Grein um Heilahristing, Breiðholtsblaðið, febrúar 2010.



Samstarf

Teymi og vinnuhópar sem verkefnastjóri fjölmennningar á sæti í:

- Teymi um málefni innflytjenda á Íslandi (fulltrúar frá u.þ.b. 16 stofnunum sem sinna sérstaklega málefnum innflytjenda).
- Reykjavíkurteymi um málefni innflytjenda.
- Fjölmenningateymi Menningar – og ferðamálasviðs.

Tengsl og samstarfsaðilar:

- Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar
- Reykjavíkurdeild Rauða krossins
- Félög fólks af erlendum uppruna
- Alþjóðahús

- Póstlistar
- Grunnskólar
- Leikskólar
- Vinnuskólinn
- Samtök kvenna af erlendum uppruna
- Mímir
- Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða
- Þjónustumiðstöð Breiðholts
- Móðurmál, félag um móðurmálskennslu tvítyngdra barna
- Tungumálaver í Laugarlækjarskóla
- Fjölbrotaskólinn í Breiðholti
- Tækniskólinn
- Alliance Francaise
- Einstaklingar af erlendum uppruna



Væntanleg verkefni:

- Tengja sögubílinn Æringja við fjölmenningarlega starfsemi, virkja starfsfólk af erlendum uppruna í skólum og leikskólum til að segja sögur.
- „Lesum blöðin“ saman, starfsmaður (eða utanaðkomandi aðili) fer yfir dagblöðin með gestum á einfaldri íslensku, í klukkutíma vikulega.
- Ráðgjöf á bókasafninu; fyrstu leiðbeiningar sem tengjast félagsráðgjöf, lögfræðiráðgjöf eða annarri ráðgjöf. Borgarbúum býðst þessi þjónusta með nafnleynd og ókeypis í hlutlausu og notalegu umhverfi bókasafnsins.

- Heimanámsaðstoð í fleiri söfnum Borgarbókasafns.
- Kynningarefni á ýmsum málum – virkja íslenskunema af erlendum uppruna, búa til sjónrænt kynningarefni til að setja á vef safnsins, Youtube og víðar. Hluti af Comenius Regio samstarfinu.
- Fjölmenningarlegt efni eins og mataruppskriftir, lög, sögur o.fl. á vef Borgarbókasafns.
- Rýnihópar með þátttöku innflytjenda.
- Málþing; Menning - menntun - miðlun.

Mat:

Til marks um mikilvægi fjölmennningarverkefna Borgarbókasafns voru þau sett inn í stefnumótun og aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda. Á heildina litið eru viðbrögð fólks sem vinnur með málefni innflytjenda jákvæð og hefur það gengið mjög vel að vinna að góðum samstarfsverkefnum með ýmsum aðilum í samfélaginu. Gestir frá útlöndum hafa kynnt sér fjölmennningarstarfsemi Borgarbókasafns og hafa mörg þessara verkefna vakið áhuga þeirra sem vinna við málefni innflytjenda. Það er okkar reynsla að það skipti miklu máli að tengjast fólki persónulega og bjóða upp á sérkynningar fyrir þá markhópa sem við viljum ná til, því fréttabréf og póstlistar ná ekki til allra. Í gestakönnun kemur fram að um 50% gesta vita af fjölmennningarstarfsemi Borgarbókasafns.

Menningarmótsverkefnið Fljúgandi teppi:

- Eftir kynningu fyrir leikskólastjóra í Reykjavík hafa margir leikskólar sýnt menningarmótum áhuga og tekið þátt í framkvæmd þeirra.
- Grunnskólar panta í auknum mæli menningarmót fyrir öll bekkjarstig.
- Menningarmótsverkefnið hefur fundið leið inn í framhaldsskóla.
- Menningarmót hafa heppnast vel og sumir skólar vilja hafa menningarmót árlega. Kennarar vilja einnig nota menningarmóts-módelið sem grunn fyrir önnur verkefni.
- Það kemur mörgum kennurum á óvart hvað sumir nemendur opna sig mikið og þora að tjá sig á íslensku á menningarmótunum.
- Menningarmótin vekja mikla forvitni bæði meðal nemenda og kennara.
- Þátttaka foreldra er mikil og er mæting þeirra á menningarmótið sjálft einstaklega góð.

Dæmi um umsagnir kennara og skólastjóra sem hafi tekið þátt í framkvæmd á menningarmóti;

Menningarmót í Fellaskóla;

„Mjög skemmtilegt að sjá hvað það var ólíkt milli nemendanna hvað þau tálkuðu sem sína menningu. Sumir komu einfaldlega með uppáhalds leikföngin á meðan að önnur söfnuðu saman munum frá sínu upprunalandi í bland við íslenska muni og svo kynntu þau þetta sem menningu sína. Einn nemandi stóð upp á stól og söng lög á pólsku fyrir samnemendur og aðra gesti, hann var mjög spenntur og upptekinn af því að kynna landið sitt fyrir öðrum í gegnum munina sem hann hafði meðferðis. Að auki var hann með nokkra muni sem skipta hann miklu máli, ekki dýrir hlutir heldur hlutir sem hafa einhverja þýðingu fyrir hann. Þessa kynningu undirbjó hann alveg sjálfur án aðstoðar frá starfsfólki skólans eða foreldrum.

Aðrir nemendur fengu meiri aðstoð og kom til að mynda einn nemandi með mat frá sínu heimalandi sem foreldrarnir höfðu lagað.

Nú eru liðnar nokkrar vikur frá því að við vorum að vinna þessa vinnu og nemendurnir eru ennþá mjög upptekin af þessari skemmtilegu upplifun. Við kennararnir finnum líka að árekstrar og fýla á milli nemenda er mun minni, og spurning hvort að það tengist því að þau hafi lært að þekkja meira um menningu samnemenda sinna, sína eigin menningu og kynnst þar af leiðandi á annan og nýjan hátt.

Okkur fannst einstaklega skemmtilegt að vinna þetta verkefni. Það passar mjög vel inn í það fjölmennningarlega umhverfi sem við störfum í Fellaskóla. Það var mjög gaman hversu vítt þemað er því þá gátum við ráðið alveg hvaða vinkil við vildum taka fyrir.“

-Elín Ósk Baldursdóttir, Bjarnheiður Jónsdóttir, kennarar

Menningarmót í leikskólanum Sólborg;

„Það er okkur sönn ánægja að mæla með verkefninu Menningarmót sem Borgarbókasafn Reykjavíkur býður uppá, frábært framtak. Umgjörðin er góð, byrjar á kynningu til lykilstarfsmanna sem síðan miðla efninu til samstarfsfólksins. Það gerir verkefnið mjög sameiginlegt og allir taka jafnan þátt í því. Það er einnig ánægjulegt að upplifa að Menningarmót eru ekki eingöngu fyrir börn af erlendum uppruna, heldur ekki síst fyrir okkur öll, því sumir höfðu þá hugmynd um svona mót væru bara fyrir útlendinga. Þetta styrkir okkur sjálf í því að kynna okkar eigin menningu og uppruna. Hver einstaklingur getur kynnt það sem hann vill úr sínu lífi.“

- Jónína Konráðsdóttir, leikskólastjóri og Ragnheiður Þóra Kolbeins, aðstoðarleikskólastjóri

Frh. umsagnir um menningarmót:

Menningarmót í Háteigsskóla:

„Þetta gekk einstaklega vel og var öllum til mikillar ánægju. Það kom á óvart hvað þetta einfalda verkefni gaf mikið af sér í mannlegum, innihaldsríkum samskiptum, innan bekkjarins og í kynningu erlendu starfsmannanna og nemendanna í 5. bekknum.“

- Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri

Menningarmót í Austurbæjarskóla:

„Menningarmótið tókst framar vonum og voru foreldrar ALLRA barnanna í bekknum mjög ánægðir með framtakið. Einnig hefur þessi vinna skilað sér í betri bekkjaranda. Æskilegt væri að kynna menningarmótið vel fyrir öllum foreldrum í almennri námsefniskynningu sem haldin er í upphafi hvers skólaárs og fara í þessa vinnu fljótlega í framhaldi af því.“

- María Vilborg Ragnarsdóttir, kennari

Sjá fleiri umsagnir á [heimasiðu](#) Borgarbókasafns.

Heilahristingur, heimanámsaðstoð á bókasafninu

- Nemendur mæta markvisst til að fá aðstoð við heimanámið.
- Þátttakendur koma í auknum mæli á eigin vegum á bókasafnið til að hittast og nýta sér þjónustu þess.
- Með því að krydda heimanámið með skapandi viðburðum eins og hipp-hopp, rappi og leikrænni tjáningu náum við betur til nemendanna.
- Verkefnið hefur þróast þannig að nemendur á innflytjendabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti geta nýtt sér þjónustuna.
- Með því að opna [vefsíðu](#) er verkefnið sýnilegra.

Söguhringur kvenna:

Verkefnið hefur gengið einstaklega vel. Hópurinn sem mætir mánaðarlega er mjög fjölbreyttur og samanstendur af íslenskum og erlendum konum á öllum aldri. Við bjóðum upp á leiksvæði fyrir börn og hefur það mjög góð áhrif og eykur möguleika fleiri kvenna til að mæta. Einnig stuðlar skapandi starfsemi Söguhringsins að aukinni þátttöku kvenna sem eru enn óruggar í íslensku. Umræðurnar fara fram á íslensku, sagðar eru margar reynslusögur og fræðandi upplýsingar ganga á víxl. Það er mikil sköpunargleði í hópnum og er það markmiðið okkar að leggja sérstaka áherslu á sköpunarverkefni á haustin.

Ratleikir og kynningar:

Kennarar sem kenna íslensku hjá Mími og í Alþjóðahúsi koma núna á bókasafnið með flesta íslenskuhópa sem hluta af kennslunni.

Umsögn frá kennara í Mími símenntun:

„Heimsóknin á Borgarbókasafnið var alveg frábær í alla staði. Kynningin var mjög góð og tóku starfsmenn bókasafnsins einstaklega vel á móti okkur. Fyrst kynntu þær safnið og starfseminna þar og vöktu sérstaka athygli á starfseminni t.d. Söguhring kvenna,, barnastarfinu o.fl. Svo var farið í ratleik sem var einfaldur en mjög vel upp settur, því nemendur lærðu vel á safnið með því að taka þátt í leiknum - bæði íslenskt og erlent efni. Allir voru mjög áhugasamir og hreinlega uppnumdir yfir safninu og möguleikum þess. Ekki var gleðin minni þegar þau fengu öll gefins árskort í safnið (nokkrir voru þegar búnir að ákveða að kaupa sér kort áður en það kom í ljós). [...] Held að þessi heimsókn verði til þess að hluti hópans, a.m.k., komi til með að nýta sér safnið í framtíðinni og styðji þannig við íslenskunámið og hjálpi til við aðlögun að samfélaginu. Ég mæli því eindregið með verkefninu, legg til að það verði notað fyrir fleiri námshópa, t.d. þá sem eru lengra komnir í íslenskunáminu. Í heildina var heimsóknin bæði skemmtileg, fræðandi og gagnleg og Borgarbókasafnið á hrós skilið fyrir verkefnið.“

Nokkrar áskoranir til að efla fjölmennningarleg verkefni í Borgarbókasafni:

- Hvernig náum við til hópa í samfélaginu sem eru ekki á hinum og þessum póstlistum, nota ekki tölvupóst, vinna mikið og sem skilja ekki nógu vel íslensku?
- Er hægt að finna tengiliði innan fleiri hópa - hvernig?
- Hvernig fáum við unglinga til að nýta sér heimanámsaðstoðina í Breiðholti?
- Hvenær og hvernig vitum við að starfsemi bókasafnsins nýtist innflytjendum?

Fjöldi þátttakenda 2008-2009:

- Ratleikir og kynningar: **420**
- Menningarmót erindi/kennsla fyrir fagfólk: **357**
- Menningarmót erindi/kennsla fyrir börn: **345**
- Menningarmót kynning á foreldrafundi: **40**
- Menningarmót: **1040**
- Söguhringur kvenna: **53** á póstlista, mæta **10-20** í hvert sinn
- Kynningar á Heilahristingi: **175**
- Í febrúar og mars 2009 var Heilahristingur einnig kynntur fyrir háskólanemum í mannfræði, félagsráðgjöf og kennslufræði í þeim tilgangi að finna sjálfboðaliða (um **250** manns).

Hægt er að nálgast upplýsingar um verkefni og annað sem í boði er ásamt [IFLA-yfirlýsingunni](#) á heimasíðu bókasafnsins.

Öll verkefnin eru í stöðugri þróun og tókum við mikið mark á ábendingum þátttakenda.

Öllum er velkomið að hafa samband við verkefnastjóra fjölmennningar ef óskað er eftir nánari upplýsingum:

kristin.r.vilhjaldsdottir@reykjavik.is



Borgarbókasafn um alla borg - fyrir alla

BBS mars2010



www.borgarbokasafn.is

